# HLÍÐARÁS 6 HAFNARFIRÐI.




HLUTAMYNDMYND. MKV. 1:5
FRÁGANGUR Á ÞAKI/ ÚTVEGGJUM.

Þak kemur á steypta efstu plötu.
Á steypta þakplötu skal leggja ílögn 160 mm. með halla að niðurföllum, eða að sami halli sé gerður í þykkingu efstu plötu.
Á þakið koma tvö lög af álímdum þakpappa.
Miða skal við eftirfarandi lýsingu sem lágmarkskröfur.
Steypt plata með ílögn skal vera hrein og tilbúinn til pappalagnar.
Allar misfellur skulu jafnaðar.
Grunna skal þakflöt með "ATABPROFI ROOF PRIMER"

Undirlagspappi "FLEXIGUM 4T MMP" sem er SBS asfaltdúkur 5,0 kg/m², styrktarmottan í dúknum er polyester 180 gr/m².
Pappann skal heillíma á þakflöt með eldsuðu, pappinn skal skarast 8-10 sm. á langhliðum og skammhliðum.
Undirpappinn skal lagður í stefnu þakhallans.
Yfirlagspappinn "FLEXIGUM 4T MEC" sem er SBS asfaltdúkur 4,8 kg/m², styrktarmottan í dúknum er polyester 180 gr/m².
Yfirlagið skal lagt þannig að samskeyti á undirlagi komi ca. á miðja rúllu yfirlags. Yfirlagspappinn skal skaraður á sama hátt og undirlagspappinn.
Á kanta og og fleti sem standa upp úr fargi og eru undir álagi sólar, skal setja asfaltdúk með steinmulningi. POLYGUM SEP 5000 FR. Litur á steinmulningi dökk grár.
Ofan á þakpappa skal einangra með "STYRISOL 300" plasteinangrun.
Einangrunin skal þola 300 kPa skv. Staðli iso 844, ss 169534. Plöturnar skulu vera nótaðar og leggjast í tveimur 100 mm lögum.
Einangrunina skal leggja þannig að þær liggji þétt að köntum og vel saman.
Vanda skal sérstaklega allan frágang við niðurföll.
Ofan á einangrun skal leggja drendúk 140 gr./m². Dúkurinn skal ganga upp á kanta og upp fyrir endanlegt efsta yfirborð.
Skorið skal úr dúk við niðurföll. Jarðvegsdúkinn skal skara 200mm á samskeytum og hylja einangrun að fullu.
Ofan á drendúk skal setja 80- 100 mm. drenlag úr sjávarmöl 20-60 mm. að þvermáli sem farg.
Meðfram köntum ofan á drendúk kemur ein hellubreidd af hellum 400×400×60.
Nota skal sérsmíðuð niðurföll úr áli.
Yfirföll eru á þaki.
Niðurföllin skulu eldsoðin við undirlagspappa, og þess gætt að samskeyti séu þétt áður en yfirlagspappi er lagður.
Niðurföll skulu framlengd upp fyrir malarlag með þar til gerðum stút, úr götuðum 2 mm.álrörum með álrist.

Samþykkt þann
31 OKT. 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h.Sigurbjartur Halldórsson

HLÍÐARÁS 6 HAFNARFIRÐI.

Sigurður Þorvarðarson byggingafræðingur bfí.
Teiknistofan Strandgötu 11 220 Hafnarfirði.
STH. teiknistofan ehf. kt. 510298-2769. Kt. aðalhönnuðar: 141250-4189.
Sími: 5651510. Netfang: teiknistofan@simnet.is

| | |
|---|---|
| Skýringar: | Séruppdráttur. |
| Teikning: | HLUTAMYND. |
| Mælikvarði: | 1 : 50. |
| Undirskrift: 24/10 07 | |
| Blað nr: 6 af 6. | Dagsetning: 20 okt. 2007. |
| Breytt: | |
| | |
| | |